

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps 72. fundur

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 22. maí. 2014, kl 09:15.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning
2. Erindi frá Sýslumanni, ósk um umsögn um nýtt rekstrarleyfi til handa Yngva R. Kristjánssyni vegna Mývatns ehf.
3. Erindi frá Sýslumanni, ósk um umsögn um breytingu á rekstrarleyfi til handa Ástu P. Lárusdóttur vegna Ferðapjónustunnar Skútustöðum 2b.
4. Erindi frá Sýslumanni, ósk um umsögn um nýtt rekstrarleyfi til handa Margréti Hólm Valsdóttur vegna Rekstrarfélagsins Hótel Laxár ehf.
5. Fulltrúi á aðalfund Grand Hótel Mývatns ehf. 28. maí n.k.
6. Skólaakstur
7. Ljósleiðari
8. Deiliskipulag þéttbýlis í Reykjahlíð
9. Sveitarstjórnarkosningar 2014
10. Erindi frá sýslumanni ósk um umsögn um endurnýjun og breytingu á forsvarsmanni Geiteyjar ehf. til Helga Héðinssonar

Til kynningar:

Bréf frá Fljótsdalshéraði dags 9. maí, vegna aðalskipulags Skútustaðahrepps

Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis aldraðar dags 6. maí

Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Pingeyinga dags 2. maí

Fundargerðir Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, frá 5. mars, 9. apríl og 7. maí

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 10 yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

2. Erindi frá Sýslumanni, ósk um umsögn um nýtt rekstrarleyfi til handa Yngva R. Kristjánssyni vegna Mývatns ehf.

Með bréfi er óskað umsagnar sveitarstjórnar um nýtt rekstrarleyfi til handa Yngva R. Kristjánssyni f.h. Mývatns ehf. til sölu gistingar og/eða veitingu veitinga í Veðiheimilinu Hofi. Rekstrarleyfi / Gististaður: flokkur IV. Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leiti.

3. Erindi frá Sýslumanni, ósk um umsögn um breytingu á rekstrarleyfi til handa Ástu Þ. Lárusdóttur vegna Ferðapjónustunnar Skútustöðum 2b.

Með bréfi er óskað umsagnar sveitarstjórnar um breytingu á rekstrarleyfi til handa Ástu Þ. Lárusdóttur f.h. Skútustaða ehf. til sölu gistingar og/eða veitingu veitinga. Breytingin lýtur að því að fjölga húsum á núverandi leyfi. Rekstrarleyfi / Gististaður: flokkur I og II. Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leiti.

4. Erindi frá Sýslumanni, ósk um umsögn um nýtt rekstrarleyfi til handa Margréti Hólm Valsdóttur vegna Rekstrarfélagsins Hótel Laxár ehf.

Með bréfi er óskað umsagnar sveitarstjórnar um nýtt rekstrarleyfi til handa Margréti Hólm Valsdóttur f.h. Rekstrarfélagsins Hótel Laxá ehf. til sölu gistingar og/eða veitingu veitinga í Hótel Laxá, Olnbogaás. Rekstrarleyfi / Gististaður: flokkur V. Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leiti.

5. Fulltrúi á aðalfund Grand Hótel Mývatns ehf. 28. maí n.k.

Fulltrúi Skútustaðahrepps á aðalfund Grand Hótel sem haldinn verður miðvikudaginn 28. maí n.k. verður Böðvar Pétursson.

6. Skólaakstur

Í apríl s.l. auglýsti sveitarstjórn eftir tilboðum í akstur skólabarna til næstu þriggja ára. Boðnar voru út tvær leiðir, leið 1, sunnan vatns og leið 2, norðan vatns. Tilboð í báðar leiðir bárust frá Gísla Rafni Jónssyni, Geo Travel og Fjallasýn. Tilboð í leið 1, barst frá Agli A. Freysteinsyni. Gísli Rafn átti lægsta tilboð í báðar leiðir og Egill næst lægsta tilboð í leið 1. Með tölvupósti sagði Gísli Rafn sig frá leið 1. Sveitarstjórn samþykki í tölvupósti að semja við Gísla Rafn Jónsson og Egil Freysteinsson um skólaakstur til næstu þriggja ára. Sveitarstjóra falið að ganga frá og undirrita samningana. Dagbjört tók ekki þátt í afgreiðslu á þessum lið og vék af fundi.

7. Ljósleiðari

Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna Karl Emil Sveinsson og Kristinn Inga Pétursson í stjórn nýs félags um rekstur ljósleiðarans f.h. Skútustaðahrepps og til vara Gísla Sigurðsson.

8. Deiliskipulag þéttbýlis í Reykjahlíð

Á fundi skipulags- og umhverfisnefndar 7. apríl 2014 óskaði nefndin eftir því við skipulagsráðgjafana að lögð yrði fram endanleg deiliskipulagstillaga fyrir fund nefndarinnar 5. maí. Á fundinum sem haldinn var 7. maí s.l. var lögð fram ný endurskoðuð deiliskipulagstillaga ásamt greinargerð frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum. dags. 28. apríl 2014. Nefndin gerði nokkrar athugasemdir við tillöguna og fól hún skipulags- og byggingafulltrúa að koma þeim á framfæri við skipulagshöfunda sem skiluðu inn breyttum tillögum dags. 8. maí 2014 þar sem búið var að koma til móts við athugasemdir nefndarinnar.

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagstillöguna svo breytta til auglýsingar samhliða aðalskipulagsbreytingu í Reykjahlíð þegar sú tillaga liggur fyrir til auglýsingar. Jafnframt felur hún skipulags- og byggingafulltrúa að annast málsmeðferð vegna auglýsinganna eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

9. Sveitarstjórnarkosningar 2014

Þar sem einungis einn listi kom fram til sveitarstjórnarkosninga sem verða þann 31. maí n.k. er ekki þörf á yfirferð sveitarstjórnar á kjörgögnum.

10. Erindi frá sýslumanni ósk um umsögn um endurnýjun og breytingu á forsvarsmanni rekstrarleyfis Geiteyjar ehf til Helga Héðinssonar.

Með bréfi er óskað umsagnar sveitarstjórnar um breytingu á forsvarsmanni Geiteyjar ehf. Forsvarmaður var Héðinn Sverrisson en verður Helgi Héðinsson. Jafnframt er óskað eftir endurnýjun á rekstrarleyfi til sölu gistingar og/eða veitingu veitinga fyrir Dimmuborgir Guesthouse, Geiteyjarströnd.

Rekstrarleyfi / Gististaður: flokkur V.

Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leiti.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Karl Emil Sveinsson,
Eyrún Björnsdóttir,
Friðrik K. Jakobsson.